

## 7. kafli

### Sjálfbær neysla og framleiðsla

JÁ NEI

Nokkrar spurningar:

1. Hefur þú aðgang að tölulegum upplýsingum um matarsóun í þínum skóla?
2. Hefur þú fengið fræðslu um grænþvott í skólanum þínum?
3. Getur þú talið hversu marga hluti þú hefur fengið að gjöf á þessu ári?
4. Finnst þér nóg gert í þínu landi til þess að gera neyslu og framleiðslu sjálfbærari?
5. Getur þú nefnt dæmi um fimm hluti sem þú gætir gert til þess að neysla þín verði sjálfbærari?
6. \_\_\_\_\_
7. \_\_\_\_\_
8. \_\_\_\_\_

#### Þú – Hvað getur þú gert?

- Endurhugsað innkaupin og keypt minna af nýjum hlutum
- Notað þá hluti sem þú átt eins lengi og hægt er
- Vakið athygli á sjálfbærri neyslu á samfélagsmiðlum eða í blaðagrein

#### Skólinn – Hvað getur skólinn gert?

- Gætt að því að endingargóðir hlutir séu keyptir vegna skólastarfsins
- Haldið fataskiptimarkaði og umhverfisdag með fjölbreyttri fræðslu um málefnið
- Frætt nemendur um grænþvott og hvatt þá til þess að beita gagnrýninni hugsun á markaðsöflin

#### Stjórnvöld – Hvað geta stjórnvöld gert?

- Notað aðra mælikvarða en bara peninga til að meta velgengni þjóðarinnar
- Setja skýr lög á fyrirtæki um sjálfbæra nýtingu og framleiðslu
- Stutt við hringrásarhagkerfið með öllum tiltækum leiðum